

Ed.

309. Breytingartillögur

[127. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyting á þeim lögum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 3 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 25%, af næstu 4 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 35%, en af tekjuskattsstofni yfir 7 000 000 kr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

2. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 525 000 kr.

3. 4. gr. frumvarpsins orðist svo:

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 150 000 kr. með fyrsta barni, en 215 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 65 000 kr. hærri. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ætíð vera 280 000 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.